

Nd.

343. Frumvarp til laga

[162. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

Flm.: Gunnlaugur Finnsson, Karvel Pálmason, Ólafur G. Einarsson,
Garðar Sigurðsson, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Í hreppum, þar sem sveitarstjóri er ekki starfandi, skulu oddvitar eiga rétt á launum úr sveitarsjóði vegna starfa sinna skv. 39. gr. Skulu laun oddvita vera 6% af rekstrartekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja sveitarfélaga.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar framkvæmdir á vegum sveitarfélags, sem oddviti sér um, skal oddviti eiga rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds, fundarhalda o. fl. í þágu sveitarfélags, á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu, og skal hreppsnefnd meta hana hverju sinni.

Í hreppum, þar sem sveitarstjóri er starfandi, skal þóknun oddvita ákveðin með sama hætti og annarra sveitarstjórnarmanna skv. 24. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1977.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefur það farið í vöxt, að sveitarstjórar hafi verið ráðnir framkvæmdastjórar í hreppum. Hafa sveitarstjórar þannig tekið við framkvæmdastjórstörfum af oddvitum. Augljóst er þó, að hinir minni hreppar geta ekki af fjárhagsaðstæðum ráðið sér sveitarstjóra í fullt starf til að gegna framkvæmdastjórastörfum fyrir sveitarfélagið og verða hinir kjörnu oddvitar þar að gegna þeim störfum meira og minna sem aukastörfum samhliða aðalstörfum.

Oddvitastarf er borgaraleg skylda, skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga, sem menn geta ekki skorast undan. Þó hefur þess orðið vart í vaxandi mæli á undanförunum árum, að sveitarstjórnarmenn hafi skorast undan að gegna oddvitastörfum, aðallega af tvennum ástæðum. Oddvitastörf eru mjög erilsöm og oddvitalaun hafa verið mjög lág — og í engu samræmi við almennt kaupgjald í landinu. Margir oddvitar hafa kvartað yfir þessu og óskað lagfæringa. Er frumvarpi þessu ætlað að bæta að nokkru launakjör oddvita.

Oddvitalaun eru nú 4% af tekjum, sem oddvitar innheimta fyrir sveitarsjóð, og auk þess visst gjald miðað við íbúafjölda sveitarfélagsins. Gjald þetta var s. l. ár 260 kr. á íbúa.

Í frv. er lagt til, að oddvitalaun verði 6% af öllum rekstrartekjum sveitarfélagsins.

Miðað við s. l. ár mundi þessi breyting þýða um 50% hækkun á launum oddvita.

Dæmi skulu hér tekin af fimm hreppum:

	Árslaun 1975		
	Skv. nú- gildandi reglum:	Skv. reglu frv. miðað við 1975:	Hækkun %
1) Hreppur með 525 íbúa	1 200 þús.	1 800 þús.	50%
2) — — 412 —	520 —	820 —	57%
3) — — 356 —	640 —	970 —	51%
4) — — 256 —	420 —	640 —	50%
5) — — 189 —	455 —	690 —	49%